

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 23. gr. samþykktar nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit.

2. gr.

Hreinsunargjald skal vera kr. 8.440 á rotþró við hvert íbúðarhús og sumarhús.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 50 metra. Ef lengd barka fer yfir 50 metra skal auk þess greiða kr. 2.030 á ári til viðbótar við fastagjaldið.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 30.530.

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún var í september 2014 og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2015 og skal gilda þannig næsta ár.

3. gr.

Hreinsunargjald er innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðar fresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1080/2013.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 11. nóvember 2014.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2015